

Bæjarráð /bæjarstjórn Akraneskaupstaðar.

Um leið og Norræna félagið á Akranesi þakkar veittan stuðning á liðnum árum óskar félagið eftir áframhaldandi stuðningi við starf félagsins.

Starf Norræna félagsins á Akranesi hefur verið með hefðbundnu sniði undanfarin ár. Síðasta ár var frekar rólegt eftir mjög annasamt ár 2014, þar sem haldið var ungmennamót hér á Akranesi og farið á vinabæjarmót í Tönder. Í janúar fengum við rithöfund í heimsókn. Það var sænski rithöfundurinn Sofia Nordin sem tilnefnd var til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2014 fyrir bók sína *En sekund i taget*. Sofia var hér í boði Norræna félagsins á Íslandi en NF á Akranesi sá um skipulag og utanumhald hér á Skaga. Hún heimsótti báða grunnskólana á og las upp fyrir nemendur á unglíngastigi og spjallaði við þá um bækur sínar og það að skrifa. Voru nemendur og kennarar ánægðir með þessa heimsókn. Einnig las hún upp á bókasafninu. Í nóvember tók svo félagið þátt í norrænni bókasafnavíku í samstarfi við Bókasafn Akraness. Einnig tókum við þátt í starfi norrænu félaganna á landsvísu.


Næsta verkefni félagsins verður að senda ungmenni á ungmennamót sem haldið verður í Bamble í Noregi í byrjun september. Þangað fara 4 ungmenni frá okkur, 2 úr grunnskóla og 2 úr framhaldsskóla. Á ungmennamótum kynnast nemendur lífi og starfi jafnaldra í hinum norrænu löndunum og kynna heimabæ sinn.

Sumarið 2017 verður svo haldið vinabæjarmót hér á Akranesi og fer undirbúningur þess fljótlega af stað. Á vinabæjarmót er boðið 25 fulltrúum frá hverjum vinabæ, þ.a. gestir á mótinu geta orðið allt að 100. Munum við fljótlega óska eftir viðræðum við fulltrúa Akraneskaupstaðar varðandi skipulag mótsins.

Norræna félagið óskar eftir að horft verði til þessa þátta þegar kemur að afhendingu styrkja vegna ársins 2016.

Með bestu kveðju og fyrirfam þökk.

Fyrir hönd stjórnar Norræna félagsins á Akranesi


Hjördís Hjartardóttir

